

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

Árbakki, breyting á deiliskipulagi.

Byggðarráð í umboði sveitarstjórnar Rangárþings ytra samþykkti þann 20. júlí 2020 tillögu að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Árbakka, dags. 17. október 2007. Deiliskipulagsreitur er stækkaður til norðurs (svæði 5). Svæði 5 er skipt niður í 5 smábýlalóðir sem eru á bilinu 10-13,8 ha. Frístundalóðir nr. 6, 7, 8, 9, 10, 11 og 12, syðst á svæði 1 (F7), eru felldar niður og er það gert vegna fornminja sem þar finnast og landeigendur vilja koma í veg fyrir að byggt verði innan um þær í fjarlægri framtíð. Aðkoma verður af Arbæjarvegi (271). Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hellu, 7. september 2020.

F.h. Rangárþings ytra,

Birgir Haraldsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 21. september 2020